

Fundargerð aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands

Fimmtudaginn 19.05.2022 kl.16:00 var aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands haldin í Borgartúni 6, 3. hæð, 105 Reykjavík

1. Fundur settur: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður ÞÍ setti fundinn og bauð alla velkomna, bæði í streymi og á fundarstað. Hún lagði til að eftirfarandi aðilar yrðu kosnir starfsmenn fundarins.

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir fundastjóri.

Steinunn Jónsdóttir og Herdís Hersteinsdóttir fundarritarar.

Tillaga um starfsmenn fundarins var samþykkt af öllum fundarmönnum.

Jóhanna Lilja tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram: Formaður ÞÍ fór yfir [skýrslu stjórnar](#) sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Farið var yfir hverjir skipuðu stjórn ÞÍ og hverjir tengiliðir voru við ráð, nefndir, sjóði og félög tengd starfi félagsins. Einnig var farið yfir hlutverk skrifstofu ÞÍ.

Fram kom að hefðbundnir stjórnarfundir voru 12 starfsárið 2021-2022. Kynnt var hverjir sátu í nefndum, ráðum og Vísindasjóði ÞÍ og hverjir skipa trúnaðarmannaráð ÞÍ. Laufey benti á að það vanti trúnaðarmenn á nokkra vinnustaði þroskaþjálfara sem sjá má í skýrslu stjórnar og að mikilvægt sé að vera með vel skipað trúnaðarmannaráð í ljósi undirbúnings kröfugerðar fyrir kjarasamninga félagsins á næsta ári.

Í umfjöllun Laufeyjar um kjaramál kom fram að innleiðing styttingu vinnuvikunnar hafi verið rauði þráðurinn í starfinu fram til þessa. Flóknara umhverfi er hjá þroskaþjálfum í vaktavinnu gagnvart innleiðingarinnar og ýmislegt sem þarf að huga að. Álag hefur einnig aukist á sumum vinnustöðum við styttingu vinnuvikunnar og endurspeglar það oft á tíðum þann mönnunarvanda sem fyrir var, svo sem á leikskólum og í velferðarþjónustu. Áherslu þurfi að leggja á að stytting vinnuviku leiði til betri vinnutíma, að fólk hafi meiri tíma með fjölskyldu og að öryggi á vinnustöðum sé tryggt. Einnig tengt kjaramálum, þá greindi Laufey frá greiðslu hagvaxtauka 1. apríl 2022 í tengslum við gildandi kjarasamning. Bæði ríki og sveitarfélög greiddu hagvaxtaraukann en lægri upphæð var hjá ríki en sveitarfélögum.

ÞÍ er sjötta stærsta félagið innan BHM og tekur virkan þátt í öllu starfi þar, bæði í nefndum og sjóðum BHM. Formannafundir félaga innan BHM eru haldnir mánaðarlega. Unnið er að stefnumótun BHM og stefnumótunarþing var haldið í febrúar.

Fram kom í máli Laufeyjar að starfsdagar síðasta árs féllu niður vegna Covid. Haldið var málþing í staðinn í streymi og var yfirheiti þess *Réttindabaráttan, hvar stöndum við?* Ýmis erindi voru haldin á starfsárinu. Menntavísindasvið Háskóla Íslands kynnti breytingar á náminu þroskaþjálfar til starfsréttinda og niðurstöður rannsóknarinnar þroskaþjálfar í grunnskóla og Covid. Upplifun þroskaþjálfar af fyrstu bylgju faraldursins kynntar. Erindið Skýrum, setjum og virðum mörk. Hálf dags málþing var undir yfirskriftinni Skiptir kyntjáníng máli þegar aðstoða á við persónulegar athafnir? Þroskaþjálfinn, fagblað ÞÍ kom út árið 2021 og hvetur Laufey félagsmenn og aðra til að skrifa greinar til birtingar í blaðinu.

Farið var yfir erlent samstarf og samstarf við háskólasamfélagið. ÞÍ fundar reglulega með menntavísindasviði og er góður umræðuvettvangur. Einnig á félagið í samstarfi við Þroskahjálp.

Samstarf við háskólasamfélagið og menntavísindasvið. Fundir eru reglulega með menntavísindasviði og eru góður umræðuvettvangur. Samstarf félagsins er við Landssamtökin Þroskahjálp.

Áherslur félagsins felast í því að efla enn betur upplýsingar um fagleg og kjaratengd mál, endurskoðun stofnanasamninga og almennra samninga og hagsmunagæsla fyrir félagsmenn. Áfram unnið að því að byggja upp og styrkja innviði félagsins.

3. Gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gert grein fyrir fjárhag: Bjarnveig Magnúsdóttir, gjaldkeri ÞÍ fór yfir:

[Ársreikning ÞÍ](#), [Ársreikning Kjaradeilusjóðs ÞÍ](#) og [Ársreikning Vísindasjóðs ÞÍ](#).

Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um Ársreikning ÞÍ. Fram kom ein fyrirspurn um ástæðu rekstrarhagnaðar félagsins upp á 12,7 milljónir. Fram kom í svari stjórnar að áhrif samkomutakmarkana skipti þar miklu um og að engar ráðstefnur eða fundir hafi verið haldnir á starfsárinu. Ekki væri markmið félagsins almennt að skila hagnaði og borin yrði fram tillaga um lækkun félagsgjalda síðar á fundinum.

Fundarstjóri bar upp ársreikninginn til samþykktar sem var samþykktur af fundarmönnum. Enginn á móti.

Í umfjöllun um Kjaradeilusjóð kom fram að í honum væru 34,4 milljónir. Ekki hafi verið bætt í sjóðinn þetta starfsár en lagt yrði til síðar á fundinum að bætt yrði í hann. Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um ársreikning Kjaradeilusjóðs en engar komu fram.

Fundarstjóri bar upp ársreikning Kjaradeilusjóðs til samþykktar og var hann samþykktur af fundarmönnum. Enginn á móti.

Í umfjöllun um Vísindasjóð kom fram að greitt var út 68.742.000 krónur og var það í fyrsta skipti sem greitt var út fyrir heilt ár. Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um ársreikning Vísindasjóðs en engar komu fram. Fundarstjóri bar upp ársreikning Vísindasjóðs til samþykktar og var hann samþykktur af fundarmönnum. Enginn á móti.

4. Lagabreytingar: Engar tillögur um lagabreytingar bárust fyrir aðalfundinn.
5. Kosning í stjórn, nefndir og ráð: Formaður Kjörnefndar Ragnhildur Þórarinsdóttir fór yfir [tillögur nefndarinnar í stjórn, nefndir og ráð](#). Í stjórn gefur Laufey E. Gissurardóttir kost á sér til formennsku, ásamt þeim Særunu Ósk Böðvarsdóttur, Steinunni Jónsdóttur og Bjarnveigu Magnúsdóttur sem meðstjórnendur fyrir tímabilið 2022-2024. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.
Í *útgáfuráði* gefa Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, Erla Björgvinsdóttir og Guðrún Benjamínsdóttir kost á til starfa fyrir tímabilið 2022-2024. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.
Í *fagráði* gefa Ólöf Hafína Ingólfssdóttir, Halldóra Kolka Ísberg, Sunna Mjöll Bjarnadóttir og Kolbrún Stígssdóttir kost á sér til starfa fyrir fyrir tímabilið 2022-2024. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.
Í *laganefnd* gefa Arne Friðrik Karlsson og Björn Finnbogason kost á sér til starfa fyrir tímabilið 2022-2024. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi. Í *kjörnefnd* Gefur Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir kost á sér til starfa fyrir tímabilið 2022-2023. Íris Björk Ágústssdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir gefa kost á sér til starfa fyrir tímabilið 2022-2024. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Siðanefnd ÞÍ: Meðlimir eru tilnefndir af stjórn ÞÍ. Guðný Sigurjónsdóttir gefur kost á sér til áframhaldandi setu sem aðalmaður fyrir tímabilið 2022 til 2025 og Friðrik Sigurðsson gefur kost á sér áfram sem varamaður í nefndinni fyrir tímabilið 2022 til 2025.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:

Sigríður Rut Hilmarsdóttir, Fanney Sumarliðadóttir og Jóhanna Margrét Árnadóttir gefa kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir tímabilið 2022-2023

7. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og félagsgjöld ákveðin: Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ kynnti [fjárhagsáætlun ÞÍ](#) fyrir næsta starfsár.

Félagsgjöld: Stjórn leggur til að félagsgjöldin fari úr 1,1% niður í 0,95% af heildarlaunum þann 1. júlí 2022. Fagfélagsgjöldin verði áfram 12.000 krónur.

Umræður voru í kjölfarið á fundinum um áhrifapættir á fjárhagsáætlun. Laufey greindi frá því að auknir möguleikar á styrk frá Starfsþróunarsetri háskólamanna fyrir Þroskaþjálfafélag Íslands til að mæta kostnaði vegna námskeiða og ráðstefna fyrir félagsmenn. Verið er að skipuleggja stóra ráðstefnu í haust með þátttöku ÞÍ. Greiðslur til *Þroskahjálpar* eru nú annað hvert ár í stað árlega, sem hefur áhrif á fjárhagsáætlunina. *Starfsréttindi:* Starfsréttindi eru grundvöllur þess að vera í Þroskaþjálfafélagi Íslands. Samkvæmt núgildandi lögum ÞÍ geta þeir sem lokið hafa þriggja ára B.A. námi í þroskaþjálfrafræðum í dag ekki gengið í félagið þar sem ljúka þarf nú 60 eininga viðbótar diplómunámi á menntavísindasviði til að öðlast starfsréttindi sem þroskaþjálfri. Fræðagarður er stéttarfélag sem þessir aðilar færu inn í. Umræður sköpuðust um það hvort íhugaðar hefðu verið breytingar á lögum félagsins til að þroskaþjálfar í Fræðagarði gætu verið fagfélagar í ÞÍ. Fordæmi hafa verið fyrir því að þroskaþjálfar í Sameyki hafi fengið inni í ÞÍ sem fagfélagar. Fram kom á fundinum að mikilvægt sé að ÞÍ sem fagfélag skoði þetta nánar. *Kjaradeilusjóður:* Lagt er til að lagðar verði inn þrjár og hálf milljón í kjaradeilusjóð á nýju starfsári.

Fundarstjóri bar upp fjárhagsáætlun ÞÍ og var hún samþykkt af fundarmönnum. Enginn á móti.

8. Önnur mál: Engin mál borin upp á fundi.

Formaður félagsins tók til máls í lok fundar og óskaði félagsmönnum til hamingju með lækun félagsgjalda. Það hafi verið baráttumál að lækka félagsgjöldin og standa því jafnfætis Fræðagarði. Laufey hvetur enn og aftur til þess að félagsmenn Þroskaþjálfafélags Íslands séu virkir þátttakendur í starfi félagsins. Mikilvægt sé að fá hugmyndir frá grasrótinni til að efla félagið. Hún þakkaði þeim sem luku störfum í nefndum og ráðum félagsins fyrir störf sín og bauð um leið nýja aðila hjartanlega velkomna til starfa. Laufey vonast til að næsta starfsár verði öflugt en um leið ekki jafn flókið. Það hafi verið mikill lærdómur að ganga í gegnum Covid tímabilið. Félagsmenn ÞÍ eru um allt land og nú er auðvelt að koma á rafrænum fundum ef eitthvað brennur á félagsmönnum. Einnig minntist Laufey á það að búið er að hækka einstaklingsstyrki í Starfsþróunarsetri háskólamanna upp í 600.000 krónur á tveggja ára tímabili og einnig hafi einstaklingsstyrkir hækkað í hinum sjóðinum. Hún bendir þroskaþjálfum að skoða vel úthlutunarreglur til stofnana, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana til að kanna möguleika á styrkveitingum. Skilaboðin eru förum og eflum okkur! Laufey þakkaði að lokum fyrir komuna og starfsmönnum fundar fyrir sín störf.

Aðalfundi slitið kl.16:58.